

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um varnir gegn loftmengun frá skipum.

Frá Smára McCarthy og Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir fullgildingu VI. viðauka Marpol-samningsins frá 19. maí 2005, um varnir gegn loftmengun frá skipum?
2. Hefur verið gerð úttekt á nauðsynlegum framkvæmdum við hafnir og raforkudreifikerfi til að styðja við að skip við bryggju séu almennt keyrð á rafmagni úr landi í stað ljósavéla?
3. Hversu mikil mengun (t.d. CO₂, NO_x og svifryk) kemur nú frá skipum meðan þau liggja í höfn? Hvernig hefur mengunin þróast á undanförunum árum?
4. Hyggst ráðherra leggja til bann við notkun svartolíu í skipum?

Skriflegt svar óskast.